Ófriður og stríðsátök

2026 Venesúela – Ólögmæt hernaðaraðgerð Bandaríkjanna

- ASÍ fordæmdi ólögmæta hernaðaraðgerð Bandaríkjanna í Venesúela, taldi hana brot á alþjóðalögum og ógn við frið.

2023–2025 Gaza / Ísrael–Palestína

- ASÍ fordæmdi árásir á óbreytta borgara af öllum aðilum, mannúðarbrot og refsileysi. Lögð var áhersla á alþjóðlegan mannúðarrétt, tafarlaust vopnahlé og að mannúðaraðstoð fengi óhindraðan aðgang. Lýst var yfir samstöðu með almennum borgurum, verkalýðshreyfingunni og mannréttindasamtökum á svæðinu.

2022–2025 Stríðið í Úkraínu (innrás Rússlands)

- Miðstjórn ASÍ fordæmdi innrásina skýrt og lýsti yfir stuðningi við fullveldi og sjálfsákvörðunarrétt ríkja. Lýst var samstöðu með úkraínsku launafólki og verkalýðshreyfingunni í landinu. Kallað var eftir tafarlausu vopnahléi, friðarviðræðum og ábyrgð gerenda stríðsglæpa.

2021 Afganistan

- ASÍ lýsti alvarlegum áhyggjum af stöðu mannréttinda, sérstaklega, kvenna, launafólks og sjálfstæðra stéttarfélaga. Fordæmdi kúgun og hvatti alþjóðasamfélagið til að tryggja mannúðaraðstoð og til að verja grundvallarréttindi.

2015–2019 Sýrland og flóttamannakreppan

- ASÍ fordæmdi árásir á almenna borgara og mannúðarbrot og lýsti yfir samstöðu með flóttafólki og stuðningi við mannúðaraðstoð. Jafnframt voru íslensk stjórnvöld hvött til að axla alþjóðlega ábyrgð virða rétt flóttafólks til verndar og mannlegrar reisnar.

2014–2016 Úkraína (fyrri átök og hernám Krímskagans)

- ASÍ fordæmdi hernaðarátök og brot á alþjóðalögum og lagði áherslu á vernd almennra borgara og rétt launafólks og stéttarfélaga til að starfa óháð stríði. Kallað var eftir friðsamlegum lausnum.